

Sp.

468. Fyrirspurn

[235. mál]

til sjávarútvegsráðherra um álit Hafrannsóknastofnunarinnar á mikilli þorskgengd við landið.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hefur sjávarútvegsráðuneytið óskað eftir sérstöku álit Hafrannsóknastofnunarinnar á mikilli þorskgengd og þorskveiðum sem verið hefur undanfarið umhverfis allt land?

Ef svo er:

Hvaða árgangar eru uppistaðan í þorskaflanum nú?

Hver er meginástæða aflahrotunnar?

Er hér um að ræða þorsk frá Grænlandi?

Hvaða rannsóknir hafa átt sér stað á þorski sem hrygnt hefur við Grænland undanfarin ár?